



LEIKUR-GLEÐI-VINÁTTA

Foreldrahandbók Leikskólinn Andabær

Arnarflöt 2
311 Borgarnes
Sími: 433-7170

Netfang: andabaer@borgarbyggd.is
heimasíða:

www.andabaer.leikskolinn.is



ADGÁT SKAL HÖFD Í NÆRVERU SÁLAR

Um leikskólann

Velkomin í leikskólann til okkar. Það er stórt skref að byrja í leikskóla og mikilvægt að barni og foreldrum líði vel hjá okkur frá fyrsta degi. Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin með von um farsælt samstarf.

Hér eru helstu upplýsingar um okkur. Einnig er skólanámskrá leikskólans að finna á heimasíðum skólans sem eru núna tvær: www.andabaer.leikskolinn.is www.borgarbyggd.is/stofnun/andabaer

Leikskólinn Andabær á Hvanneyri er einn af leikskólum Borgarbyggðar. Hann er hann er þriggja deilda og heita deildarnar Goðheimar, Álfheimar og Hulduheimar.

Í Andabæ eru að meðaltali 40 börn samtímis og er aldursblöndunin á milli deilda misjöfn eftir aðstæðum hverju sinni. Samvinna er mikil milli deilda og leggjum við okkur fram við að hafa andrúmsloftið heimilislegt

Skólinn er vel staðsettur í umhverfi kletta og náttúru sem býður upp á skemmtilega upplifun og reynslu sem nýtt er í námi barnanna.

Einkunnarorð leikskólans eru

“Leikur – gleði – vinátta”

Markmið leikskólastarfs í Andabæ er að efla gleði og vináttu barnanna með áherslu á leikinn.

Stefna og sýn Andabæjar

Starfið í Andabæ grundvallast á hugmyndafræði John Dewey um uppeldi og kennslu, kennsluáðferðum Caroline Pratt með opnum efniviði og sjö venjum til árangurs með það fyrir augum að byggja upp sterka sjálfsmynd hjá börnunum. Leikskólinn er einn af heilsuleikskólum landsins þar sem heilsusamleg næring, hreyfing og listskópun í leik er höfð að leiðarljósi. Einnig er leikskólinn Grænfánaleikskóli og hefur flaggað grænfánanum síðan árið 2005. Ýmis markmið þarf að vinna að til að halda þeim fána og er sífellt í endurskoðun. Einnig tekur skólinn þátt í ýmsum verkefnum s.s. heilsuefli leikskóli, Réttindaskóli Unicef, Lubbi finnur málbein og Vináttuverkefni Barnaheilla. Í Andabæ fögnum við fjölbreytileikanum því lífið er jú allskonar.

Deildin þín heitir:

Deildarstjóri er:

Aðrir starfsmenn deildarinnar eru

Símanúmer:

Skrifstofa 433-7170
Goðheimar 433-7172
Álfheimar 4337-7173
Hulduheimar 433-7174

Leikskólastjóri Andabæjar er Ástríður Guðmundsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri Andabæjar er Áslaug Ella Gísladóttir



Heilsuleikskóli

Markmið með starfinu er að:

1. Næring

- borða hollan og næringarríkan mat
- fjalla um mikilvægi fæðuhringsins
- börnin verði meðvituð um hollustu og óhollustu matar
- matarhefðir verði í hávegum hafðar

2. Hreyfing

- auka vitneskju um líkamann
- styrkja sjálfsmynd
- stuðla að betri hreyfifærni
- auðvelda samskipti
- læra hugtök

3. Listsköpun

- örva sköpunargleði
- auka hugmyndaflug
- kynnast mismunandi efniviði og handfjatla hann
- skynja fegurð í umhverfinu

Grænfáninn

Markmið með starfinu er að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan skólans og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Útinám er mikið í skólanum.

Heilsueflandi leikskóli

Leikskólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskóli, sem er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks.

Réttindaskóli Unicef

Andabær er þátttakandi í verkefninu Réttindaskóli Unicef, en markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur

Barnasáttmálan s útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skólanum, auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna og starfsmanna.

Leiðtoginn í mér

Eitt af markmiðum starfsfólks í Andabæ er að koma auga á styrkleika barnanna og hjálpa þeim að bera kennsl á þá. Einnig eru börnin með ýmis leiðtogahlutverk yfir allt skólaárið sem eru breytileg ár frá ári enda valin í samráði við börnin. Börnin eru t.d. þjónaleiðtogar, bókaleiðtogar, vinaleiðtogar, moltuleiðtogar, mismunandi eftir aldri barnanna. Unnið er að því að hvert barn verði besta útgáfan af sjálfu sér til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Leiðtogaverkefni eru unnin yfir alla skólagöngu barnsins og er þeim safnað í möppu sem er einnig heilsubók barnsins og verður eign þess þegar leikskólagöngu lýkur.

7 venjur til árangurs

1. TAKTU AF SKARIÐ
Taktu ábyrgð, þú átt val!

2. Í UPPHAFI SKAL ENDINN SKOÐA
Settu þér markmið. Þekktu þinn tilgang og skilgreindu þína framtíðarsýn.

3. FORGANGSRAÐAÐU
Gerðu hlutina í rétttri röð-
forgangsraðaðu

4. SIGRUM SAMAN
Allir sigra, saman leitum við
sameiginlegra hagsmuna

5. SKILNINGSRÍK HLUSTUN
Skilja út frá hinum ekki okkur.

6. SKAPAÐU SAMLEGÐ
Saman náum við lengra

7. RÆKTAÐU SJÁLFAÐU ÞIG
Heilbrigð sál í hraustum líkama-finndu
jafnvægi í lífinu



KARELLEN

Við notum leikskólakerfið **Karellen**. Hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um það á www.karellen.is Einfeldum við samskipti milli heimilis og skóla með þessu kerfi samhliða heimasíðum leikskólans.

Aðgangur aðstandanda í innra kerfinu og appinu gefur yfirsýn og upplýsingar um dag barnsins í skólanum:

- Viðveruskráningar
- Máltíðarskráningar
- Svefnskráningar
- Matseðill vikunnar
- Viðburðardagatal
- Samtal milli aðstandenda og skólans
- Myndir af barninu.

Aðstandendur hafa þann möguleika að skrá leyfi og veikindi barnsins í gegnum kerfið. Markmiðið með innleiðingu kerfisins er að efla samvinnu heimilis og skóla.



Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári í apríl og nóvember. Þar gefst foreldrum og kennara kostur á að setjast niður og ræða um líðan, nám og þroska barnsins í leikskólanum og heima. Þar er farið yfir heilsubókina og annað sem þarft er að ræða. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu og er þeim markvisst boðið í heimsókn yfir veturinn á ýmsa viðburði.

Í hverjum mánuði er gert **dagatal** sem birtist á síðu leikskólans. Þar inná eru merktir t.d. afmælis dagar barnanna og ýmsir viðburðir ákveðinna daga.

Við erum með **leikfangadag** fyrsta virka dag í mánuði. Við takmörkum fjöldann við eitthvað tvennt. Leikskólinn tekur þó ekki ábyrgð á einkaleikföngum barnanna.

Börnin mega þó koma með hlut sem veitir þeim öryggi eins og t.d. bangsa, dúkku o.þ.h. til að hafa í hvíldinni.

Leikskólinn er lokaður í 4 vikur vegna sumarleyfa. Foreldrar geta sótt um 5. vikuna fyrir framan eða aftan og er sú vika gjaldfrjáls. **Sumarleyfislokun** er auglýst með löngum fyrirvara.

Sveitafélagið endurskoðar þetta á hverju ári.

Skipulags/ námskeiðsdagar eru 5 á ári. Á þessum dögum sækir starfsfólk fyrirlestra, námskeið eða skipuleggur leikskólastarfið. Leikskólinn er lokaður þessa daga og eru þeir auglýstir með göðum fyrirvara

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum samkv. lögum um leikskóla nr. 90/2008. Foreldraráð er kosið að hausti, þar sem leikskólinn er lítill þá er **foreldrafélagið** einnig foreldraráð. Í ráðinu eru að lágmarki þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra. Hlutverk ráðsins er meðal annars að gefa umsögn um starfsáætlun og koma að mati á vetrarstarfinu. Í ráðinu skapast góður vettvangur til að ræða ýmsar hliðar á starfsemi leikskólans. Tilgangur foreldrafélagsins er að efla tengsl barna og foreldra, og að þau eigi góðar stundir saman utan hefðbundins leikskólatíma. Starf foreldrafélagsins byggist á velvilja og áhuga foreldra. Foreldrafélagið er bakhjarl leikskólans með ýmis skemmti- og menningartengd verkefni. Foreldrafélagið hefur undanfarin ár haldið sumarhátíð í júní, ýmist hér í leikskólanum eða í næsta nágrenni.



Helstu þættir í dagskipulagi Andabæjar

Morgunmat - Í morgunmat er boðið upp á hafragraut og lýsi en á föstudögum er boðið upp á Ab mjólk og cheerios. Boðið er upp á ávexti rétt fyrir útivist.

Frjálsi leikurinn - Mikil áhersla er lögð á frjálsa leikinn í Andabæ. Í honum fá börnin tækifæri til að velja viðfangsefni og félaga.

Samverustund - er daglega á hverri deild, ýmist með allri deildinni eða skipti í hópa eftir aldri. Í samverustund eru nokkur námssvið tekin fyrir. Þar er sungið, lesið, hlustað á sögu eða tónlist, farið í leiki eða framsögn æfð. Einnig eru tekin fyrir leiðtogaverkefnið okkar, grænfáninn, Lubbi og vináttuverkefnið. Ýmis leiðtogahlutverk eru á deildunum skoðeins og t.d. veðurleiðtogi sem gáir til veðurs og söngstundarleiðtogi sem sér um að velja lög í söngstund.

Hádegismatur - Börnin skammta sér sjálf en þó með aðstoð starfsfólks. Börnin eru hvött til að smakka á því sem boðið er upp á enda um almennan heimilismat að ræða s.s. fisk, kjöt, pasta, súpur og grænmeti. Börnin ganga sjálf frá eftir matinn og setja á vagninn. (fer eftir aldri og getu hvers og eins.)

Hvöld - Í hvöld er lögð áhersla á að allir geti hvílt sig vel. Yngstu börnin sofna en fyrir þau eldri eru lesnar sögur eða þeim leyft að hlusta á sögur eða tónlist. Allir hafa afmarkað pláss, teppi og kotta Elstu börnin fara ekki í hvöld, heldur vinna þau ýmis verkefni.

Útivist - Við förum út tvisvar á dag, undantekningin er ef það er mikið frost og veður mjög vont, útivist eykst á sumrin og útinám líka.

Hefðir og hátíðir

Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað

sem gleður hjartað; það að gera sér dagamun.

Afmæli barnanna er stór dagur í lífi þeirra. Þegar barn á afmæli í leikskólanum er íslenski fáninn sýnilegur til hátíðarbrigða því þetta er þeirra dagur. Lagt er upp úr því að afmælisbarnið fái mikla athygli, það fái t.d. að velja tónlist sem við hlustum á, velji bækur í sögustund, barnið velur sér einnig glas og diskamottu með fallegum myndum. Sameiginleg **afmælissöngstund** er haldin einu sinni í mánuði fyrir þau börn sem eiga afmæli í viðkomandi mánuði. Hvert og eitt afmælisbarn er þá kallað upp og fær það kórónu sem er í eigu leikskólans og er afmælissöngurinn sunginn fyrir hvern og einn. Barnið býr til kórónu sem sett er upp á afmælisdegi barnsins og það fær þá kórónu til eignar. Ekki er leyfilegt að setja afmælisboðskort í hólfi barnanna nema allri deildinni sé boðið.



17. júní

Skrúðganga um hverfið með fána og hristur. Syngjum og gerum okkur glaðan dag.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember í Andabæ hefur hefð skapast í kringum þennan dag. Börnin læra ákveðið ljóð, sögu eða þulu og hittast börn af öllum deildum og flytja það sem þau hafa lært fyrir hópinn. Börnum frá Grunnskóla Borgarfjarðar, Hvanneyrardeild er boðið í heimsókn að hlýða á flutninginn. Þau bjóða okkur einnig upp á ljóðaflutning eða söng sem þau hafa æft í tilefni dagsins.

Jólahefðir

Börnin baka ýmist eða skreyta piparkökur sem þau bjóða foreldrum sínum upp á í adventukaffi. Skömmu fyrir jól eru haldin litlu jólin og er þá dansað í kringum jólatré, jólasveinar koma í heimsókn og gefa gjafir sem kostaðar eru af foreldrafélaginu. Að lokum er hátíðarmat með tilheyrandi meðlæti. Tekið er tillit til annarra trúarbragða og sér óska foreldra.

Þorramatur

Á þorranum er boðið upp á eina þorramáltíð í hádeginu og er þá framreiddur venjulegur þorramatur. Börnin eru hvött til að smakka.

Bolludagur, sprengidagur, öskudagur

Börnin búa til bolluvendi og boðið er upp á kjöt- eða fiskibollur í hádeginu á bolludag og rjólabollur í nónhressingu. Á sprengidag er hefðbundinn sprengidagsmatur, saltkjöt og baunir. Á öskudag er grímuball í leikskólanum, allir sem vilja mega koma í grímubúningi og gengið er milli fyrirtækja og stofnana á Hvanneyri og sungið fyrir starfsfólk.

Páskar Við föndrum fyrir páskana. Eins og með jólahátíðina er tekið tilliti til annarra trúarbragða og sér óska foreldra.

Útskrift elstu barna Á síðustu dögum maí mánaðar eða í byrjun júní er útskriftarathöfn þar sem börnin fá afhenta heilsu/leiðtogamöppu með samantekt af leikskólagöngu þeirra frá upphafi skólagöngu í viðurvist

foreldra þeirra. Um miðjan maí er farið með rútu í ævintýraferð í Vatnaskóg, þar tekur starfsfólk staðarins á móti barnahópnum. Hefð hefur skapast fyrir því að útskriftarárgangar frá leikskólunum Hnoðrabóli á Kleppjárnsreykjum og Klettaborg í Borgarnesi sláist í för með börnunum héðan og hefur það verið hin besta skemmtun.

Leiðtogadagur / Opið hús

Við erum með leiðtogadag / opið hús í byrjun maí ár hvert. Þar sýna leiðtogarnir í Andabæ hvað þeir hafa verið að vinna að um veturinn og hvernig þeir t.d. þjálfa leiðtogafærni sýna út frá hugmyndafræði Leiðtogans í mér. Við tökum á móti gestum og bjóðum þeim kaffi. Við nýtum líka tækifærið þegar koma hópar til okkar í heimsókn, þá gefum við þeim kveðjugjafir sem börnin hafa búið til.

Skólahópur

Þegar elstu börnin hefja sinn síðasta vetur í leikskólanum fara þau í svokallaðan skólahóp. Þar vinna þau ýmskonar verkefni sem taka mið af þroska hvers og eins. Þau fara einnig í heimsókn í Hvanneyrardeild GBF einu sinni í mánuði yfir veturinn en þar fá þau að vera með fyrsta bekk og kynnast skólafélaginu sem auðveldar þeim fluttninginn yfir í grunnskóla.

Markmið Andabæjar með umhverfismennt er:

Að njóta náttúrunnar í leik og kennslu.
Að ganga um náttúru okkar af virðingu.
Að flokka úrgang og pappír (endurnýta)
Að endurnýta ýmsan efnivið í leik og skapandi starfi.



Hagnýtar upplýsingar

Klæðnaður barna - fatakassinn

Mikilvægt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur. Klæðið börnin eftir veðri. Nauðsynlegt er að barnið hafi með sér aukafatnað, einnig er mikilvægt að merkja fatnaðinn. Fyrir ofan hólf barnanna eru kassar merktir hverju barni fyrir aukaföt og þurfa foreldrar að vera duglegir við að fylgjast með hvort eitthvað vanti í kassana. Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í föt barnanna. Því er æskilegt að börnin séu ekki í spariklæðnaði í leikskólanum. Börn sem nota bleiu koma með þær að heiman. Foreldrar eru beðnir um að sjá til þess að fjarlægja reimar úr útifatnaði barna sinna og senda þau ekki með trefla í leikskólann heldur fremur lambhúshettur eða lausa hálskraga - reimar í fatnaði geta og hafa valdið alvarlegum slysum á börnum. (Landlæknisembættið, Neytendastofa, Umboðsmaður barna). Hólf barnanna þarf að tæma á föstudögum vegna þrifa.

Fjarvistir barna

Allar fjarvistir þarf að tilkynna til leikskólans. Best er að tilkynna fjarvistir sem fyrst að morgni svo hægt er að láta eldhús vita.

Óhöpp og slys

Börn í leikskólum Borgarbyggðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Ef barn verður fyrir slysi eða veikist, höfum við samband við foreldra. Náist ekki í þá eða ef um alvarlegt slys er að ræða er farið beint með barnið á heilsugæslustöðina í Borgarnesi.

Veikindi

Leikskólar eru ætlaðir heilbrigðum börnum. Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það er orðið hitalaust í a.m.k. 1-2 sólahringa. Ekki er boðið upp á að hafa börn inni eftir veikindi.

Lyfjagjafir

Ef börn í leikskóla þurfa á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöf þannig að lyfin séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undantekning á þessu eru asmalyf.

Matarópol eða ofnæmi

Ef um óþol eða ofnæmi er að ræða þarf að koma með vottorð frá lækni. Mikilvægt er að vera í góðum samskiptum við skóla með áframhaldið. Vottorð þarf að endurnýja í samráð við lækni. Skóli gerir sitt besta til að koma á móts við sérfaði barna og leggur sig fram við að miðla upplýsingum milli heimilis og skóla.

Í hverjum mánuði er gefið út **dagatal**. Þar inn á eru merktir t.d. afmælis dagar barnanna og ýmsir viðburðir ákveðinna daga. Dagatalið geta foreldrar prentað út af heimasíðu leikskólans, andabaer.leikskolinn.is og borgarbyggd.is/stofnun/andabaer

Dvalartímar

Leikskóli opnar 7:45 lokar 16:15 hægt er að sækja um pláss á þessu bili en þó þarf vistun að byrja fyrir kl.9:00. Lágmarksvistun eru 4 tímar. Leikskólinn reynir að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfsemi eða börnum. Foreldrar eru beðnir að nýta vel og virða vistunartíma barnsins, að börn komi ekki of snemma og séu ekki sótt of seint.

Börn yngri en 12 ára mega ekki sækja í leikskólann.

Athugið að vinnutími starfsfólks miðast út frá vistunartíma barnanna.

Dvalargjöld

Sendir eru út greiðsluseðlar fyrir dvalargjöldum og er greitt fyrirfram. Ef leikskólagjald er ógreitt fyrir þrjá mánuði, skoðast það sem uppsögn á leikskólaplássi. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og heimilt er að krefjast eins mánaðar greiðslu hafi reglu um uppsagnarfrest ekki verið fylgt. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir leikskólaplássið, nema ef um er að ræða samfelld veikindi barns. Sé barn veikt í fjórar vikur samfelld eða lengur er hægt að sækja um afslátt. Sótt er um til leikskólastjóra.

Ef foreldrar óska eftir breytingu eða viðbót við dvalartíma sækja þeir um það hjá leikskólastjóra fyrir 20. hvers mánaðar. Ekki er sjálfgefið að barn geti fengið að vera í “aukavistun” utan síns vistunartíma og eru foreldrar beðnir að misnota ekki slíkt. Hafa þarf samband við leikskólastjóra eða deildarstjóra í slíkum tilvikum. Gjaldskrá er á heimasíðu Borgarbyggðar og í forstofu skólans.

Vinsamlega látið vita um breytt heimilisfang og símanúmer heima og í vinnu svo starfsfólk ná til ykkar ef á þarf að halda.

Að loknum lestir á þessari handbók vakna án efa einhverjar spurningar og hvetjum við ykkur til þess að leita svara við þeim.

Verið óhrædd við að hafa samband við næsta starfsmann með hvað eina sem kemur upp í ykkar huga.

Betra er að spyrja en að vita ekki.

Með kærri kveðju og ósk um gott og ánægjulegt samstarf.

Starfsfólk Andabæjar